



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands verða afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum í dag fimmtudag kl. 15:00.

Markmið verðlaunanna er að heiðra námsmenn sem unnið hafa framúrskarandi starf við úrlausn verkefna sem styrkt eru af Nýsköpunarsjóði námsmanna.

Fimm verkefni eru tilnefnd til verðlaunanna í ár:

1. *Hjólaleiðir á Íslandi* sem unnið var af Evu Dís Þórðardóttur og Gísla Rafni Guðmundssyni.

2. *Hönnun á rafsegulfastefni*, verkefni sem Fannar Benedikt Guðmundsson vann.

3. *Myndræn framsetning uppskrifta* sem þeir Kai Köhn, Karl Andrés Gíslason og Marínó Páll Valdimarsson unnu.

4. *Myndræn málfræði fyrir börn greind með einhverfu og málhömlun*, unnin af Karen Kristínu Ralston.

5. *Útsetningar á íslenskum þjóðlögum fyrir einleiksfiðlu og fiðludúó*; þær gerði Sigrún Harðardóttir.

Við athöfnina munu forseti Íslands, formaður stjórnar Nýsköpunarsjóðs námsmanna og fulltrúi nemenda í stjórn sjóðsins flytja ávörp.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er boðið að vera viðstaddir athöfnina. Að lokinni verðlaunaafhendingu verður sköpuð aðstaða á Bessastöðum til að fréttamenn geti rætt við verðlaunahafa.

13. febrúar 2014

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (s. 540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946), Aðalheiður Jónsdóttir (892 1916) og Hulda Proppé (821 4332).